



UMBOÐSMAÐUR  
BARNA

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2020

Vísað er til bréfs umboðsmanns barna til Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. apríl sl., þar sem fjallað var um fyrirhugaða vinnustöðvun félagsmanna Eflingar þann 5. maí nk. Í bréfinu kom fram að börn hafa leitað til embættis umboðsmanns barna og lýst yfir áhyggjum sínum af áhrifum fyrirhugaðrar vinnustöðvunar á nám þeirra og líðan en með hliðsjón af hlutverki embættisins taldi umboðsmaður barna sér skylt að koma á framfæri sjónarmiðum barnanna við deiluaðila. Þá kom fram í bréfi umboðsmanns barna að erindi sama efnis hafi einnig verið sent Eflingu.

Í ljós hefur komið að við sendingu umræddra bréfa voru gerð mistök þannig að í bréfinu til Sambandsins féll brott kafli um mikilvægi þess að tekið sé mið af hagsmunum barna og þau séu hluti af ákvörðunartöku í málum sem þau varðar og fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum en með hliðsjón af mikilvægi þeirra sjónarmiða sem fram áttu að koma í umræddum kafla bréfsins, er það hér með endursent í heild sinni, með þeim kafla sem féll brott fyrir mistök, en hann er skáletraður til aðgreiningar.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,  
Umboðsmaður barna